

- 135** Til frekara öryggis er lagt ríkt á við öll skip og báta, þar með taldir árabátar
18. okt. sem eru á ferð hér við land, að hafa uppi lögboðin siglingaljós eftir að skuggsýnt er orðið.

Á opnum bátum sé ljósið ávallt haft sýnilegt.

Myrkurtíminn fyrir september er sem hér segir:

Fyrir svæði a) þ. e. Faxaflói, frá kl. 20.50—06.00, það er kl. 8.50 síðd. til kl. 6 árd.

Fyrir svæði b) þ. e. Skagafj.—Skjálfandi, frá kl. 20.30—05.40, það er kl. 8.30 síðd. til kl. 5.40 árd.

Fyrir svæði c) þ. e. Seyðisfj.—Reyðarfj. frá kl. 20.15—05.30, það er kl. 8.15 síðd. til kl. 5.30 árd.

Fyrir svæði d) þ. e. Hrútafjörður frá kl. 20.45—05.50, það er kl. 8.45 síðd. til kl. 5.50 árd.

Reglur um eftirlit með siglingum til hafna við Faxaflóa.

1. Siglingaeftirliti hefir verið komið á í Reykjavík.
2. Eftirlitsskip er stöðugt á sveimi úti af Gróttu, fyrir vestan línu úr Gróttuvita í Krossvíkurvita á Akranesi.
3. Eftirlitsskipið sýnir að degi til: stórt flagg, sem í eru tveir láréttir reitir, annar hvítur og hinn rauður, en jaðrar flaggsins eru bláir. Að nóttu til sýnir skipið auk siglingaljósanna: 3 hvít ljós, sýnileg á alla vegu.
4. Þegar Reykjavíkurhöfn er lokuð, mun skipið að degi til hafa uppi: 3 rauðar kúlur, hverja upp af annari, með 6 feta millibili, en að nóttu til: 3 rauð ljós, í stað þeirra þriggja hvítu, sem getið er hér að framan. Ófriðarmerkjastöðin á Valhúshæð mun einnig sýna sömu merki, þegar höfnin er lokuð.
5. Öll skip, sem ætla til Akraness, Hafnarfjarðar, Hvalfjarðar eða Reykjavíkur, verða áður að koma við hjá eftirlitsskipinu og fá þar leyfi til þess. Minni vélbátar geta þó farið leiðar sinnar óhindrað til þessara hafna, en verða að vera við því búnir að nema staðar og gera grein fyrir sér, ef eftirlitsskipið krefst þess, og að hlýða skipunum þess.
6. Hvert það skip, sem reynir að sigla til hafna þeirra, sem getur í 5. lið, án þess að hafa fengið til þess leyfi eftirlitsskipins, gerir það á eigin ábyrgð.

Myrkurtímabilið fyrir októbermánuð er sem hér segir:

Faxaflói frá kl. 6.05 síðd. til kl. 6.20 árd.

Skagafjörður til Skjálfanda frá kl. 5.45 síðd. til kl. 6.00 árd.

Seyðisfjörður til Reyðarfjarðar frá kl. 5.30 síðd. til kl. 5.45 árd.

Hrútafjörður frá kl. 6.00 síðd. til kl. 6.15 árd.

- 136** Auglýsing frá ríkisstjórninni í 65. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940,
22. nóv. um siglingahættu í Hvalfirði vegna hernaðaraðgerða Breta.

Brezka herstjórnin hefir tilkynnt ríkisstjórninni, að vegna hernaðaraðgerða Breta séu siglingar inn í Hvalfjörð hættulegar í línu frá Innra-Hólmi á Akranesi til Saurbæjar á Kjalarnesi.

Brezkt varðskip mun hafast við í mynni Hvalfjarðar og leiðbeina skipum, er vilja sigla inn fjörðinn.

Menn eru mjög alvarlega varaðir við að ferðast inn Hvalfjörð nema eftir leiðbeiningum varðskipins, en þó er íbúum beggja megin Hvalfjarðar óhætt að stunda veiðar eða ferðast um Hvalfjörð innan áður nefndrar línu frá Innra-Hólmi til Saurbæjar.